

Reykjavík, 22. febrúar 2024

USK23110191

UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Fundur umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 15. nóvember 2023.

„Lagt er til að ráðist verði í lagfæringu og/eða endurnýjun fjölfarinna gangstétta við Hofsvallagötu, sunnan Hringbrautar. Víða við götuna eru gangstéttir eyddar, sprungnar og ójafnar.“

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 29. nóvember 2023: Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um gangstéttir við Hofsvallagötu, sbr. 36. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 15. nóvember 2023.

Vísað til umsagnar skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

Umsögn um tillögu

Tillögunni hefur verið komið áfram til verkefnastjóra framkvæmda og viðhalds sem mun skoða og meta ástandið. Minni skemmdir verða lagfærðar af starfsmönnum Reykjavíkurborgar en ef um stærri viðgerð er um að ræða verður hún sett á verkefnalista viðgerðaverktaka.

Ennfremur er í undirbúning að framkvæmda ástandsmat göngu- og reiðhjólástíga í Reykjavík. Um er að ræða steyptar og hellulagðar stéttar og malbikaða göngu- og reiðhjólástíga auk malástíga. Ástandsgreining fer þannig fram að göngu- og reiðhjólástígum er skipt upp í ástandsflokka eftir sjónskoðun. Í framhaldinu verður gerð framkvæmdaáætlun þar sem verkefnum er forgangsraðað eftir ástandsflokkuninni og samkvæmt samþykktum fjárheimildum vegna endurnýjunar og viðhalds á göngu- og reiðhjólástígum.



Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds



Reykjavík